

**Nd.** **662. Frumvarp til laga** [195. mál]  
um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

**1. gr.**

Aftan við 1. gr. laganna komi:  
Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

**2. gr.**

3. og 4. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Matsnefndir skulu semja álitserð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skal matsnefnd senda til Landgræðslu ríkisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

**3. gr.**

1. málsliður 8. gr. laganna orðist svo:

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við Landgræðslu ríkisins.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.